

153

10. sept.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, lög nr. 88 11. júní 1938 og lög nr. 111 30. maí 1940, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Við 19. gr. bætist ný mgr., er verði 1. mgr., svo hljóðandi:

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem eiga ekki brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni, frá kl. 20—8, á tímabilinu 1. október til 1. maí, en frá kl. 22—8, á tímabilinu 1. maí til 1. október.

2. gr.

Við 19. gr. bætist ný mgr., er verði 5. mgr., svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á, getur bæjarstjórnin sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna og unglinga allt að 16 ára.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

154

10. sept.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir Náms- og ellistryktarsjóð starfsmanna Félagsprentsmiðjunnar h.f., útgefin 10. sept. 1940 á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Náms- og ellistryktarsjóð starfsmanna Félagsprentsmiðjunnar h.f., Rvík.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Félagsprentsmiðjunni h./f. í Reykjavík, á 50 — fimmtíu — ára starfsafmæli hennar, og nemur framlag prentsmiðjunnar kr. 5000.00 — fimm þúsund krónum.